

## REGLUR

### um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli með viðmiðunardagsetningar frá 30. júní til 29. september 2019.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra váttryggingafélaga og starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi.

#### 2. gr.

##### *Upplýsingar um áhættulausan vaxtaferil fyrir viðeigandi gjaldmiðla.*

Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi skal váttryggingaskuld vera samtala besta mats á skuldbindingum og áhættuálagi. Reglur þessar eru settar til að innleiða framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) þar sem fram koma tæknilegar upplýsingar um áhættulausan vaxtaferil fyrir viðeigandi gjaldmiðla samkvæmt 2. mgr. 76. gr. laga nr. 100/2016.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing reglugerðar.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1285 frá 30. júlí 2019 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 30. júní 2019 til 29. september 2019 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrir-tækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga.

Með vísan til heimildar 1. mgr. 78. gr. laga nr. 100/2016, sbr. 1. gr. laga nr. 26/2019, vísar Fjármálaeftirlitið til birtingar enskrar útgáfu af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union), OJ, deild L, nr. 202, þann 31. júlí 2019, bls. 1-80:

[https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=uriserv:OJ.L\\_.2019.202.01.0001.01.ENG](https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=uriserv:OJ.L_.2019.202.01.0001.01.ENG).

#### 4. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 1. mgr. 78. gr. laga nr. 100/2016, sbr. 1. gr. laga nr. 26/2019. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Fjármálaeftirlitinu, 22. ágúst 2019.*

**Unnur Gunnarsdóttir.**

*Anna Mjöll Karlsdóttir.*